



ÍSAFJARÐARBÆR

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík


Ísafjörður, 9. mars 2020
2020010075

Efni: Þingsályktunartillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar, 311. mál - Bókun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar

Á 453. fundi bæjarstjórnar sem haldinn var fimmtudaginn 5. mars sl. var tekin fyrir tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar, 311. mál. Bæjarstjórn samþykkti samhljóða eftirfarandi bókun:

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar áréttar mikilvægi Reykjavíkurlugvallar fyrir landsbyggðina. Reykjavíkurlugvöllur er miðstöð innanlands- og sjúkraflugs og sinnir þannig brýnum öryggishagsmunum almennings. Eina hátæknijúkrahus landsins rís nú við Hringbraut í Reykjavík og sú staðsetning er ákveðin vegna nálægðar við flugvöllinn, mínútur telja þegar mannlíf eru í húfi og því er mjög mikilvægt að horft sé til sjúkraflugs þegar ákvarðanir af þessu tagi eru teknar. Opinber þjónusta er í auknum mæli að færast til höfuðborgarinnar og er mikilvægi góðra og hraðra samgangna til Reykjavíkur í raun að aukast. Langflestar höfuðstöðvar opinberra stofnanna eru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu og þurfa íbúar, fyrirtæki og sveitarfélög á landsbyggðinni að hafa gott aðgengi að þeim sem og annarri þjónustu einkaaðila sem í mörgum tilfellum er eingöngu að finna á höfuðborgarsvæðinu. Aðgengi allra landsmanna að þjónustu, hvort sem hún er opinber eða frá einkaaðilum, þarf að vera í samræmi við þarfir nútíma samfélaga.“

Bókunin tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Þórdís Sif Sigurðardóttir
bæjarritari